

Háskóli Íslands

SAG306G. Sagnritun og söguspeki
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ritgerð/verkefni

um bók eftir HaydenWhite:

Metahistory. The Historical Imaginatin in Nineteenth-Century Europe.

Nemandi: Arnar Sverrisson (290451-4859)

Dagsetning: 24. nóvember 2014

Hayden White, fæddur 1928, menntaðist við ríkisháskólann í Wayn í Detroit, Bandaríkjum Norður-Ameríku, lauk MA og doktorspróf frá Háskólanum í Michigan. Hann hefur hlotið viðurkenningu sem „professor emeritus“ við Kaliforníuháskóla (Santa Cruz). Síðast kenndi hann við Stanford háskólann í samanburðarbókmenntum. (1) Gunnar Karlsson kallar hann reyndar „hugmyndasögufraeðing.“ (2)

Þegar White gaf út bók þá, sem hér er til umræðu, hafði hann gefið út fjölda verka um miðaldasögu, sem hann nam að nokkru leyti á Ítalíu, þar sem hann kynntist verkum heimspekingsins og bókmenntafræðingsins, Benedetto Croce (1856-1952). Þegar tveggja ára námsdvöl á Ítalíu var lokið þýddi White eitt verka hins ítalska meistara.

Í hinu „ógnarlega“ verki sínu, „Metahistory,“ hyggst höfundur afhjúpa mismunandi viðmið í söguritun nítjándu aldar eða nokkur tilbrigði við skipan sögugvitundar höfunda aldarinnar. White er orðmargur um þetta eins og flest annað. Á frummálinu talar hann um: „interpretative principle,“ „formal theory of historical work,“ „main forms of historical consciousness“ og „deep structure of the historical imagination.“

Fyrir honum vakir að skapa nýtt sjónarhorn á sagnaritun og söguspeki reyndar einnig, því nálgun hans er skoðun verka fjögurra jöfra sagnfræðinnar á nítjándu öld. Um er að ræða hinn franska Jules Michelet (1798-1874), sjálfan sagnfræðiföðurinn, hinn þýska Leopold von Ranke (1795-1886), hinn franska (föður samfélagsvísindanna) Alexis-Charles-Henri Clérel de Tocqueville (1805-1859), og hinn svissneska (Carl) Jakob Christoph Burckhardt (1818-1897).

Söguspekingarnir (philosophers of history) eru sömuleiðis nafntogaðir: Þýskur jöfrarnir Georg Wilhelm Friedrich Hegel (1770-1831) og „lærisveinn“ hans, Karl Marx (1818-1883), Friedrich Nietzsche (1844-1900) og Benedetto Croce.

Aðferð White er greining innviða verkanna. Hann er eins konar innviðarýnir (formalist). Hann varðar í sjálfu sér ekkert um gildi eða réttmæti þeirra (allavega ekki í þessari bók). Aðferðin er í senn kenning um almenna innviði verka um söguna.

My metod, in short, is formalist. I will not try to decide whether a given historian's work is a better, or more correct, account of a specific set of events or segment of the historical process that some other historian's account of them; rather, I will seek to identify the structural components of those accounts. (3)

Aðferðin er lagbundin, annars vegar greinir White textann eins og hann kemur fyrir af skepnunni og hins vegar eiginlega merkingu hans. Um þetta segir hann m.a.:

I have therefore limited the present study to an analysis of the relation between the manifest level of historical narratives, where the theoretical concepts that have been used to explain the data are deployed, and the latent level, considered as the linguistic ground on which these concepts are precritically constituted. (4)

Eins og (hér um bil) gefur að skilja er sagnfræðiverk frásögn sem ætlað er að endurspegla og þar með skýra gengið líf. Höfundar segir þetta á sinn djúphugula hátt: „[I] will consider the historical work as what it most manifestly is – that is to say, a verbal structure in the form of a

(1)Alfræði 1. Wikipedia. – (2) Gunnar Karlsson. Inngangur..., bls. (3)Metahistory ..., bls. 3-4. (4)Metahistory..., bls. 431.

narrative prose discourse to be a model, or icon, of past structures and processes in the interest of explaining what they were by representing them.“ (5)

Tvö grundvallarhugtök White ber að skoða, áður en lengra er haldið. Tungumálið hefur afgerandi áhrif í fræðastörfunum. Það ber jafnvel að skilja sem eins konar fangelsi hugsunarinnar: „[I]n any field of study not yet reduced (or elevated) to the status of a genuine science, thought remain the captive of the linguistic mode in which it seeks to grasp the outline of objects inhabiting its field of perception.“ (6)

Hitt hugtakið, sem um ræðir, er hugmyndafræði. Með hugtakinu á höfundur við ákveðna forskrift um þátttöku í samfélaginu (annað tveggja að tryggja kyrrstöðu eða breytingar), studd rökum er lúta að „vísindum“ eða „raunhyggju“.“ Með hans eigin orðum:

By the term „ideology“ I mean a set of prescriptions for taking a position in the present world of social praxis and acting upon it (either to change the world or to maintain it in its current state); such prescriptions are attended by arguments that claim the authority of „science“ or „realism. (7)

Með ofanritað bak við eyrað má halda því fram, að hugur sérhvers sagnfræðings (og söguspekings reyndar einnig) sé „forritaður.“ Tungumálið er honum í blóð borið og stjórnar hugsun hans að miklu leyti. Í huga hans búa einnig djúprætt viðhorf, hugmyndafræði. Þetta mætti jafnvel kalla hugrit, sem hvort tveggja flokka og túlka áreiti og beina sjónum (skilningarvitum) að áreitum að utan og innan. Þau eru grundvöllur hugsunar og röksemdafærslu.

Ofangreint á við um val sagnfræðings á rannsóknarefni sínu, efniviði og úrvinnslu hans, t.d. þegar hann semur atburðaskrána. Viðhorf geta ýmist verið sagnfræðingi okkar ljós eða búið í þoku vitundarinnar. En þegar atburðaskáin hefur fengið á sig mót kemur að því að segja söguna. White skiptir þessum gjörningi í þrennt; upphafssögu (inaugural motif), umskiptasögu (transitional motif) og lokaatburð (terminating motif). Eins og Gunnar Karlsson bendir á, svipar þessari skiptingu mjög til fornra skáldskaparkenninga Aristótelesar. (8)

Nú skal sagnfræðingur vor sem sé greina frá því, hvað átti sér stað, hvenær og hvernig. Og hvernig skal það gert? Sagnfræðingur velur sér málbragð eða svonefnt „trope,“ sem stuðlar að tilteknu ritbragði (historiographical style) eða málfari (linguistic protocol). Um er að ræða ferns konar málbrögð. Höfundur velur eitt þeirra. Þetta val, þ.e. hið ríkjandi málbragð (dominant trope) - á eftir að hafa – vegna mótandi áhrifa tungumálsins – veruleg áhrif á hugverk höfundar. Þetta fer White ekki í grafgötur með:

In history [...] the historical field is constituted as a possible domain of analysis in a linguistic act which is tropological in nature. The dominant trope in which this constitutive act is carried out will determine both the kinds of objects which are permitted to appear in that field as data and the possible relationships that are conceived to obtain among them. The theories that are subsequently elaborated to account for changes that occur in the field can claim authority as explanations of „what happened“ only in so far they are consonant with the linguistic mode in which the field was refigured as a possible object of mental perception. (9)

(5) Metahistory..., bls. 2. – (6) Sama rit, bls. xi. – (7) Sama rit, bls. 22. (8) Gunnar Karlsson. Inngangur ..., bls. 29. - (9)White. Metahistory..., bls. 430.

Eins og áður er tæpt á eru málbrögðin fjögur. Í eðli sínu lýsa þau eins konar öfugmælatjáningu: (1) Myndhvörf (metaphor) einkennast við samanburð hins auðkennda. Þetta málbragð kallar White einnig tungumál auðkenningarinnar (language of identity), (2) nafnhvörf (metonymy), þar sem þáttur heildar er látinn tákna heildina alla. Þetta málbragð kallar White einnig málbragð „utanverðunnar,“ (language of extrinciality), (3) eigindhvörf (synecdoche), þegar eiginleiki hlutar er látinn tákna eiginleika heildarinnar allrar. Þetta málbragð kallar White líka mál „innanverðunnar“ (language of intrinsicality). Að síðustu eru svo (4) andhvörfin, sem ég kys að kalla svo (irony) (10), þar sem menn mæla ævinlega þvert um hug sér, þ.e orðin hafa andhverfa eða andstæða merkingu við það, sem þau virðast merkja við fyrstu sýn.

Því er ljóst, að búningi sögunnar eru reistar töluverðar skorður og jafnvel boðskapi - sérstaklega, þegar útskýra skal söguna. Eins og oft áður beitir höfundur fjölskrúði orða um þessa aðgerð, þ.e. útskýringu; „explanatory strategies,“ „interpretative strategies,“ og „explanatory styles.“ Útskýringar eru þrenns konar; 1) söguþráðurinn eða flækja sögunnar (fjögur tilbrigði; draumórar (romantic), svartsýni (tragic), bjartsýni (comic) og ádeila (satire), 2) röksemdafærsla (fjögur tilbrigði); frumspeki (formist), vélhyggja (mechanistic), heildarhyggja (organicist) og samhengishyggja (contextualist) og 3) hugmyndafræði (fjögur tilbrigði; íhaldssemi (conservative), frjálslyndi (liberal), anarchist (stjórnsleysi) og róttækni (radikal).

Niðurstöður höfundar eru eftirfarandi: (1) Í sjálfu sér er engin „eiginleg saga“ til sem ekki er „söguspeki“ einnig. (2) Hugsanlegir skýringarhættir sagnaritunar eru þeir sömu og söguspekinnar. (3) Í sjálfu sér fela téðir skýringarhættir í sér skáldlega andagift, sem hvort tveggja móta greiningu, áður en til skýringar kemur, og sjálfa skýringuna. (4) Það eru engar kenningar, sem ótvírætt réttlæta, að einn skýringarhátt sé raunsærri en annar. (5) Af fyrrgreindum sökum erum við nauðbeygð til að kjósa skýringarkost í þeirri viðleitni að botna í sögunni. (6) Því er affararsælast að velja sögulegt sjónarhorn á grundvelli fegurðar (aesthetic) eða siðferðis fremur en þekkingarfræða, og að lokum (7) krafan um vísindagildingu sagnfræðinnar felur eingöngu í sér val tiltekinna hugtaka, sem ræðst annað tveggja af viðhorfi til siðferðis eða fegurðar. Þekkingarfræðileg réttlætning þeirra hugtaka hefur enn ekki átt sér stað. (11)

Niðurlag

Höfundur tekur upp þráðinn eftir þýska heimspekinginn, Immanuel Kant (1724-1804), og svissneska málfræðinginn, Ferdinand de Saussure (1857-1913). Að dómi Kants bjó hugurinn yfir sjálfgefinni hæfni til flokkunar og úrvinnslu ytri áreita, de Saussure kenndi, að reglur hugsunarinnar drægju dóm af reglum tungumálsins. Kenningar ofangreindra spekinga voru

(10) Kaldhæðni eða háðhvörf sem þýðing á „irony“ eiga illa við hér. Ég vona, að „andhvörf“ lýsi kjarna máls. Sama á við um „skollagrískuna,“ „metonymy,“ sem merkir að hafa nafnaskipti, og „synecdoche“. Með tilvísunar til íslenskrar málvenju og orðabókar Árna Böðvarssonar, bls. 429, þar sem bent er á merkingartilbrigði nafnorðsins, hvarfs. Þau eru; það, sem hverfur í, umbreyttist, umskiptist, umlykst og svo framvegis. Samræmi í orðanotkun tel ég einnig hafa nokkurt gildi, en skilningsgildið þó allra mest. – (11) White. Metahistory..., bls. xii.

nánar útfærðar af málfræðingnum, Noam Chomsky (f. 1928) – einkum í sambandi við hugmyndir um máltöku og í hugfræði/skynjunarsálfræði. Svipuðum hugmyndum hefur vitanlega einnig verið hreyft innan heimspekinnar. Svo virðist sem White eigi heiðurinn að því að beina athygli sagnfræðinga að mætti málsins. En væntanlega deilir hann slíkum heiðri með samtímamanni sínum og starfsbróður, Michel Foucault (1926-1984).

Bókin er löng og letrið smátt. Stundum er engu líkara en að verkið sé samsett úr sjálfstæðum einingum, svo gríðarlegt er málskrúðið. Málalengingar og endurtekningar eru algengar. Flokkunarkerfið er ónauðsynlega flókið, oft og tíðum torskiljanlegt. Og ekki bætir „skollagríska“ höfundar úr skák. Mér er torskiljanlegt, hvers vegna White velur þrjú þúsund ára gömul frásagnarsnið og grísk heiti þeirra. Það er almælt, að menn hafa frá alda öðli skrifað um líf, stöðu og örlög mannsins í veröldinni af bjartsýni og svartsýni, og bæði hætt og spottað, leikið sér með öfugmæli og líkingar. Því mætti ætla, að hæg væru heimatök um einfaldari og auðskiljanlegri dilka að draga höfunda í. White hefur greinilega þá tilhneigingu, sem hann brigslar Hegel um, að beita fyrir sig orðtæknilegri myrkvun.

Þegar upp er staðið hefur White frætt mig töluvert um nokkra jöfra sagnaritunar og söguspeki og með réttu lagi bent á mátt tungunnar við sagnaritun. Þó segir hann ekkert um, að hugurinn geti ekki brotist úr viðjum tungunnar og jafnvel breytt því þarfa verkfæri. Ei heldur telur höfundur, að enginn sé veruleikinn handan hennar.

Vitanlega er White umdeildur eins og sönnum jöfri sæmir. Hugsanlega hefur hann náð þeirri stöðu, að allir söguritarar og –spekingar neyðist til að taka afstöðu til hans. En þau hljóð heyrast úr horni, að áhrif Whites á eiginlega sagnaritun séu í öfugu hlutfalli við magn skrifa hans. (11) F.R. Ankersmit bendir á, að sagnfræðingar taki sjaldan undir hugmyndir Whites um sagnaritun og telur þá skýringu helsta, að þeir tortryggi söguspekinga yfirleitt. (12)

Heimildir:

Vef.: Ankersmit, Frank Rudolf. „Hayden White´s Appeal to the Historians,“ www.jstor.org/stable/2505465, bls. 182-193, skoðað 1. nóvember 2014.

Árni Böðvarsson (ritstj.). *Íslensk orðabók*. (Rvk. M&M 1993.)

Gunnar Karlsson. *Inngangur að sagnfræðiheimspeki nútímans*. (HÍ, sagnfræðiskor 2006.)

Vef.: Timmins, Adam. Hayden White: „The Historical Imagination,“ (<http://www.history.ac.uk/review/1149>), skoðað 3. nóvember 2014.

White, Hayden. *Metahistory. The Historical Imagination in Nineteenth-Century Europe*. (John Hopkins University Press. Baltimore 1973.)

Vef.: Wikipedia: http://en.wikipedia.org/wiki/Hayden_White, skoðað 3. nóvember.